

Kópavogi, 17. september 2020.

Ágæti skólastjóri.

Menntamálastofnun vill vekja athygli á eftirfarandi atriðum vegna samræmdra könnunarprófa í næstu viku.

Prófkóðar tilbúnir í Skólagátt

Prófkóðar nemenda eru tilbúnir til útprentunar í [Skólagátt](#) (þá má finna undir valmyndinni „Próf“). Við mælum með því að starfsmenn skóla prenti út blöðin með prófkóðanum (stærð A4) og hafi tilbúin á prófdag. Prenta skal út sérblað með prófkóða fyrir hvern nemanda og blað fyrir kennara með öllum prófkóðum. Athygli er vakin á því að nöfn og prófkóðar nemenda með undanþágur birtast einnig á heildarlistanum þar sem þeir fá sjálfkrafa prófkóða, ef þeir skyldu mæta á prófdag. Athugið að ekki má opna prófkóða annars nemanda eða nota prófkóða hjá nemanda sem ekki tekur prófið.

Opnun prófa á prófdag og innskráning

Próftaka getur farið fram á tímabilinu frá kl. 8:00 til 17:00 á prófdögum. Þetta þýðir að nemendur geta ekki hafið próftöku síðar en kl. 14:00 (til að geta nýtt allan próftímann). Nemendur skrá sig inn þegar þeir eru sjálfir tilbúnir og þá hefst próftími hvers um sig. Próftími fer ekki af stað fyrir en nemandi er kominn inn í prófið sjálf.

Til að draga úr **álagi á netkerfi skóla** er hvatt til þess að nemendur hefji próftöku með ákveðnu millibili, til dæmis að hafa innskráningu þeirra með 5 eða 10 mínútna millibili. Aðstæður eru ólíkar og eru skólastjórar hvattir til að útfæra þetta eins og hentar á hverjum stað.

Undirbúningur tækja

Undirbúa þarf tölvur nemenda, netbeina og önnur tæki sem nota á við próftöku. Tryggja þarf að veflás sé uppfærður í nýjustu útgáfu og **kanna hvort hann virki**. Ef spila á hljóðskrár í tölvum á prófdag (fyrir nemendur með stuðningsúrræði) er mikilvægt að tölvur séu prófaðar áður og tryggt að þráðlaust net skólans þoli álagið. Upp hafa komið hnökur hjá skólum þegar margar spjaldtölvur, þar sem spilaðar eru hljóðskrár, eru tengdar við sama netbeininn (e. router).

Hjálpargögn í prófi

Vasareiknir er ekki leyfður í fyrsta hluta stærðfræðiprófs 4. og 7. bekkjar. **Ekki er leyfilegt að nota síma sem vasareikni. Við hvetjum umsjónaraðila prófa til að útskýra vel fyrir nemendum að þeir komast ekki í fyrsta hluta stærðfræðiprófsins aftur þegar þeir hafa lokið þeim hluta þess.**

Á vef Menntamálastofnunar má finna [leiðbeiningar um framkvæmd](#), [gátlista skóla](#), [kynningarpróf](#) og [slóðina á prófið](#). Þar er einnig [viðbragðsáætlun](#). Bent er sérstaklega á nýtt ákvæði í lið 5 í viðbragðsáætluninni vegna Covid-19.

Upplýsingafundur (fjarfundur) vegna könnunarprófanna fer fram mánudaginn 21. september kl. 14:30 og hvetjum við umsjónaraðila prófa, kennara, tölvufólk og aðra til að tengjast fundinum: <https://bit.ly/32UHwHO>

Við hvetjum ykkur til að hafa samband ef spurningar vakna. Sími Menntamálastofnunar er 514-7500 og netfang prófahópsins er prof@mms.is.

Með góðri kveðju,

Sigurgrímur Skúlason, próffræðingur,
Nói Kristinsson, verkefnisstjóri,
Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs.